

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 23. júlí 2012  
1206017 IE

**Efni:** Umsögn um frv. til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði.

Með tölvubréfi dags. 27. júní 2012 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, 738. mál, þskj. 1176, lþ. 140.

Almenn atriði:

Í frumvarpinu er lögð til endurskipulagning á umdæmum sýslumanna með tilheyrandi starfsmannabreytingum. Jafnréttisstofa minnir á þær skyldur atvinnurekenda sem taldar eru upp í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir að:

- atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði
- þeir skuli sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan síns fyrirtækis eða stofnunar
- þeir skuli stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf
- leggja skuli sérstaka áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum

Verði þær skipulagsbreytingar að veruleika sem lagðar eru til í frumvarpinu er nauðsynlegt að taka mið af ofangreindu, enda gefst vart betra tækifæri en við slíkar skipulagsbreytingar, til að laga það sem hugsanlega er ekki í eins góðu samræmi við jafnréttislögin og það best gæti orðið.

Um 7. gr.

Jafnréttisstofa minnir á 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2208 varðandi skipun í nefndir. Gæta þarf þess að bæði konur og karlar úr hópi sýslumanna verði tilnefnd og skipuð í þá nefnd sem kveðið er á um í 7. gr. frumvarpsins.



## Jafnréttisstofa

### Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skipun verkefnisstjórnar. Jafnréttisstofa minnir á 1. mgr. 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 en þar er kveðið á um að þess skuli gætt að hlutfall kynjann í nefndum og ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar fulltrúar eru fleiri en þrír.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir  
lögfræðingur

Seyðisfirði, 28. Júní 2012.

Umsagnaraðili:

Jón Halldór Guðmundsson

Múlavegur 59

710 Seyðisfirði

Þingmál:

Þingskjal 1176, 738. mál. Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Almennt:

Sýslumannsembættin eru gamalgróin stjórnsýsluembætti sem gegnt hafa mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Sýslumenn gegna hinu almenna hlutverki sýslumanna hvað varðar svokölluð hefðbundin verkefni sýslumanna, einnig eru sýslumenn lögreglustjórar, innheimtumenn ríkissjóðs og umboðsaðilar fyrir tryggingastofnun ríkisins. Áður fóru embættin einnig með tollstjórn, dómsvald á lægra dómsstigi og lögskráningar. Með þessum breytingum og fyrirhuguðum aðskilnaði lögreglumála og sýslumanna, er ljóst að verkefni hafa verið og verða færð frá embættunum til miðlægra stofnana eða sérstakra stofnana. Reynt hefur verið að bregðast við verkefnaskorti embættanna eða öllu heldur ákalli um að æskilegt sé að efla og styrkja sýslumannsembættin með því að færa til einstakra embætta sérstök verkefni á landsvísu. Þessi verkefni hafa verið færð frá ýmsum aðilum, frá ráðuneytunum, frá öllum hinum embættunum og frá öðrum stofnunum.

En þó segja megi að þessar breytingar hafi ekki allar eflt embættin, hafa sýslumannsembættin gríðarlega mikilvægu hlutverki að gegna um land allt. Auk hinna eiginlegu verkefna eru embættin sá vettvangur sem fólk á landsbyggðinni hefur til að fá almennar upplýsingar um þjónustu hins opinbera og réttarstöðu sína. Það er réttlætismál að allir landsmenn hafi góðan aðgang að þjónustu hins opinbera og geti nálgast hana án langra ferðalaga með tilheyrandi kostnaði. Þá skal einnig bent á að störf hjá sýslumannsembættunum eru mikilvæg fyrir minni byggðarlög á landsbyggðinni, þar sem atvinnuframboð er fábrotið. Tækifæri til að auka sérhæfingu og hagkvæmni sýslumannsembættanna, með sameiningu þeirra í 8 embætti á landinu á að verða til að efla þau og styrkja og gera þau hagkvæmari. Að mínu mati þarf að gæta þess að sú hagkvæmni verði ekki á kostnað minni byggðarlaga og er þess vegna æskilegt að starfstöðvum og útibúum verði ekki lokað nema að höfðu samráði við starfsfólk og viðkomandi sveitarfélög.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið er fjallað um marga hluti sem snerta framtíð sýslumannsembætta og sérstaklega er jákvætt að sjá að kveðið er á um mikilvægi að nýta

núverandi húsnæði embættanna, samvinnu við sveitarfélög og möguleikana á að flytja verkefni til landsbyggðarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

Í 2. grein frumvarpsins segir í 2. mgr. : Umdæmamörk sýslumanna skv. 1.-8. tölul. 1. mgr. skulu ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar stjórnsýslu.

Í 3. mgr. segir: Ráðherra ákveður í reglugerð hvar aðalskrifstofa sýslumanns skuli vera. Ráðherra ákveður einnig í reglugerð að höfðu samráði við sýslumann hvar aðrar þjónustustöðvar verði starfræktar.

Tillaga mín:

Í 2. grein frumvarpsins segir í 2. mgr. : Umdæmamörk sýslumanna skv. 1.-8. tölul. 1. mgr. skulu ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökum sveitarfélaga, með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar stjórnsýslu.

Í 3. mgr. segir: Ráðherra ákveður í reglugerð hvar aðalskrifstofa sýslumanns skuli vera, að höfðu samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga í viðkomandi landshluta. Ráðherra ákveður einnig í reglugerð að höfðu samráði við sýslumann hvar aðrar þjónustustöðvar verði starfræktar. Haft verði samráð við viðkomandi sveitarfélög um staðsetningu þjónustumiðstöðva og breytingar á staðsetningu og starfsemi þeirra.

Ég tel að eðlilegt að um þau atriði er varða umdæmamörk embættanna sé eðlilegt að leita umsagnar frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, auk Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Eðlilegt að er samræmi sé í umdæmaskiptingu embættanna við lögregluumdæmin og svæðaskiptingu skv. stefnumörkun 20/20, úr því að ákveðið var að fara í svo viðamikla sameiningu sýslumannsembætta á annað borð. Eigi að síður er eðlilegt að mínu mati að formlegt samráð verði haft við landshlutasamtök sveitarfélaga um svo mikilvægt mál sem ákvörðun um umdæmamörk sýslumanna er.

Varðandi ákvörðun um staðsetningu aðalskrifstofu og þjónustustöðva embættisins, þá finnst mér eðlilegt að ráðherra ákveði staðsetningu starfsstöðva að höfðu samráði við sýslumann og viðkomandi sveitarfélag. Gott samráð við sveitarfélögin á viðkomandi svæði er mikilvægt og er gott samstarf við þau æskilegt þegar hugað er að því að flytja verkefni til starfsstöðva á landsbyggðinni. Mörg verkefni í þjónustu hins opinbera eru leyst af hendi á höfuðborgarsvæðinu, en minnt er á að oft hefur gefist vel að flytja verkefni út á alnd og sinna þeim þar fyrir stærra svæði.

Jón Halldór Guðmundsson  
Múlavegur 59  
710 Seyðisfirði.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. P 140/2743

komudagur 5. júlí 2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, allsherjar- og menntamálanefnd  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. júlí 2012 R2012060022  
T-ums 09/12

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og  
stjórnsýslu ríkisins í héraði - 738. mál, þskj. 1176.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 27. júní 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði og að sýslumannsembættum verði fækkað úr 24 í átta.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að í janúar 2010 voru embætti skattstjóra sameinuð embætti ríkisskattstjóra. Það er mat ríkisskattstjóra að sú sameining hafi verið tímabær og nauðsynleg. Augljós afleiðing sameiningarinnar hefur verið samræmd skattframkvæmd og má gera ráð fyrir að verði frumvarp það sem hér er til umsagnar samþykkt sem lög þá muni samræming í innheimtu opinberra gjalda verða meiri. Af þeim sökum mælir ríkisskattstjóri með samþykkt frumvarpsins.

Jafnframt vill ríkisskattstjóri benda á að mikilvægt sé að skýr sýn verði fyrir hendi þegar kemur að sameiningunni sjálfri og að fullt samráð verði við starfsmenn hlutaðeigandi stofnana. Án samráðs við starfsmenn og þeirrar hugmyndavinnu sem nauðsynlega þarf að fara fram, er hætt við að sameining stofnana verði brothættari og nauðsynlegar umbætur á stjórnsýslunni verði fyrir bragðið ekki eins árangursríkar.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Bakka 1 \* 765 - Djúpvogur \* Sími 472 1690 \* Netfang ssa@ssa.is \* www.ssa.is

Alþingi  
Erindi nr. 140 / 2742  
komudagur 12. 7. 2012

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 – Reykjavík

### Efni : Umsögn um Þingskjal 1176 - 738. mál

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) sendir hér með umsögn sína um „Frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði“ Þingskjal 1176 mál 738, sem lagt var fyrir á Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.

Frumvarpi til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu í héraði er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 92 frá 1989.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi skilur mikilvægi þess að endurskoða stjórnsýsluna og þar með „Framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði“. Sambandið telur að slíkar breytingar geti einfaldað boðleiðir og gert stjórnsýsluna skilvirkari, sé rétt að henni staðið. Breytingar á stjórnsýslunni mega ekki verða til þess að skerða aðgengi fólks um hinar dreifðu byggðir landsins að henni. Því er það mat Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að áður en frumvarpið verður tekið til afgreiðslu á Alþingi verði gert viðtækt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu stjórnsýslunnar á landsbyggðinni.

Þann 1. júní sl. sameinuðust fimm stoðstofnanir sveitarfélagana á Austurlandi undir merki Austurbrúar. Markmiðið með sameiningunni er meðal annars að:

- Samnýta mannauð, aðstöðu og rekstrarumhverfi.
- Auka og bæta þjónustu í nærumhverfi.
- Viðhalda ábyrgð og aðkomu ríkisins með því að færa störf innan stjórnsýslu ríkisins út á land og bæta þar með þjónustu í nærumhverfi.
- Fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

Með stofnun Austurbrúar skapast kærkomið tækifæri fyrir ríkisvaldið að bæta þjónustu í nærumhverfinu í samstarfi við sveitarfélögin. Stofnun Austurbrúar fellur að markmiðum Ríkisstjórnarinnar sem kemur fram í Sóknaráætlun Ísland 2020 um „þverfaglegar þjónustumiðstöðvar ríkis- og sveitarfélaga í heimabyggð (one-stop-shop)“.


Samband sveitarfélaga á Austurlandi skorar því á ríkisvaldið að ganga til samninga við sveitarfélögin um eflingu stjórnsýslunnar á landsbyggðinni áður en frekari lagabreytingar verða gerðar sem koma til með að skerða þjónustu við íbúa á landsbyggðinni.



Djúpavogi 10. júlí 2012

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

  
Ólafur Áki Ragnarsson

**Alþingi**  
**Nefndasvið**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 REYKJAVÍK**

**Umsögn Sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði (heildarlög).**

**738. mál.**

Undirritaður hefur mótttekið tölvubréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 27. júní 2012 þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

**a t h u g a s e m d i r**

Undirritaður **gerir alvarlegar athugasemdir** við þá grunnhugmynd frumvarpsins að fækka sýslumönnum úr 24 í átt á landinu öllu og telur að með því sé gengið allt of nærri þjónustu ríkisins í byggðum landsins

Þessi fækkun sýslumanna, sem komi í kjölfar fækkunar á lögreglustjórum úr 15 í 8 sé til þess fallin að draga úr nálægð stjórnunar frá byggðum víða um land.

Undirritaður telur að til sé **mun einfaldari og hagkvæmari leið** til þess að spara í þessu kerfi, en hér hefur verið valin, þ.e. að nýta starfskrafta sýslumanna til að sinna bæði lögreglustjórn og sýslumannsstörfum í dreifaðari byggðum landsins.

Þannig telur undirritaður að með frumvarpinu sé verið að **veikja mjög stjórnarsýsluna út á landsbyggðinni** og á stundum að **lengja mjög í vegalengdum** fyrir íbúa til þess að sækja sér **sérfræðiþjónustu ríkisins**.

**Byggðarleg áhrif** af þessum fyrirhuguðu breytingnum yrðu margháttað og öll í þá átt að **minnka vægi minni byggða**, lengja í ákvörðunum stjórnarsýslunnar á landsbyggðinni, fækka sérfræðistörfum úti á landi og veikja mörg embætti úti á landi algjörlega að ástæðulausu.

Það er að mati undirritaðs furðulegt að um leið og stjórnarsýsla ríkisins sé stóraukin á höfuðborgarsvæðinu, þá sé hún sífelld minnkuð úti á landi og þá sérstaklega í fjarlægum byggðum og fámennari. Með sama áframhaldi verður brátt svo komið að einungis verkafólk búi og starfi úti í byggðum landsins, en vel menntaðar og hálaunaðar stéttir búi á stórhöfuðborgarsvæðinu. Þetta fari þvert gegn áætlunum allra ríkistjórna sem setið hafa síðustu áratugi í landinu, að halda öllu landinu í byggð og stuðla að jöfnuði fólks, sama hvar það býr á landinu.

Undirritaður telur að nauðsynlegum sparnaði megi ná auðveldlega með því að nýta sýslumannsembættin úti á landi þannig að þeir sinni bæði sýslumannsstörfum sínum auk lögreglustjórnar, hér er greinilega verið að herða sífelld á aukinni **yfirbyggingu** og **miðstýringu**.

Ég vil benda nefndinni á umsögn mína við breytingu á lögreglulögunum sem náskýlt er þessu máli einnig.

Þá vildi ég gjarnan hitta nefndina á fundi til að útlista sjónarmið mín og svara spurningum nefndarmanna áður en málið yrði afgreitt úr henni.



Frekari rökstuðningur fyrir ofangreindu:

**Þjónusta sýslumanna er mikilvæg.**

Þjónusta sýslumanna utan Reykjavíkur er afar mikilvægur þáttur í stjórnsýslunni og þeir gegna mikilvægu hlutverki víða um land, hlutverki sem hefur þróast í aldanna rás. Hlutverk þeirra á auðvitað að vera í sífelldri framþróun og ný verkefni koma með nýjum tímum. Allt of mikið hefur verið gert af því að búa út nýjar stofnanir fyrir þau nýju verkefni sem upp hafa komið á undanförunum áratugum, sem sýslumannsembættin hafa auðveldlega geta tekið að sér. Með þessu hefur miðstýring verið augin og þetta hefur aukið á fólksfjölgun á Reykjavíkursvæðinu því þessum stofnunum hefur langoftast verið fundið staður þar.

Að mati undirritaðs er hér enn eitt spor stigið í þessa átt og það án þess að möguleikar sé fyllilega skoðaðir. Afl miðstýringaraflanna er gífurlegt og straumþunginn mikill, en hver vill sjá Ísland sem **borgríki** ?

Oft þurfi þeir sem sækja þjónustu til sýslumannsembættanna að hitta sýslumanninn til þess að fá greið svör, en slíkt yrði þá eftir þessa breytingu einungis lúxus fjölmennari byggðarlaga og þá helst þeirra sem eru í Reykjavík eða næsta nágrenni.

Einnig bendir undirritaður á að ekki er búið að gera neina tilraun til þess að **kostnaðarreikna** frumvarpið, eins og umsögn fjárlagaskrifstofunnar sem fylgir frumvarpinu ber með sér, heldur virðist hér einungis vera í kaupunum að hugsanlegur sparnaður komi einungis niður á þjónustunni, og þá aðallega úti á landi.

**Ég legg því til** að frumvarpinu verði hafnað og unnið að heildarendurskoðun á lögreglustjóra- og sýslumannsembættunum, þar sem það verði haft að leiðarljósi að ná fram hagræðingu með sameiningu embætta, en jafnframt að starfskraftar starfsmanna og stjórnenda verði nýttir til þess ítrasta til þess að gera þjónustu lögreglunnar og sýslumannsembættana í landinu betri og skilvirkari fyrir íbúa þess.

Vestmannaeyjum, 2. ágúst 2012  
Virðingarfyllst,

---

Karl Gauti Hjaltason  
Lögreglustjóri og sýslumaður í Vestmannaeyjum